

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja haldinn á Flughótel í Reykjanesbæ, þriðjudaginn 2. júní 2009 kl. 20.00.

Mættir voru 27 félagsmenn að meðtalinni stjórn.

Dagskrá.

1. Ragnar Örn Pétursson, formaður félagsins setti fund kl. 20.05 og bauð fundarmenn velkomna.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Stungið upp á Ragnari Erni Péturssyni sem fundarstjóra og Kjartani Fr. Adólfssyni sem fundarritara. Tillagan samþykkt samhljóða.
3. Skýrsla stjórnar. Formaður las skýrslu stjórnar, þar sem hann fór yfir starf félagsins s.l. ár. Í máli hans kom m.a. fram að talsverður tími hefur farið í vinnu kringum kjarasamninga. Á næstu vikum mun skrifstofa félagsins flytja frá Hafnargötu 15 að Krossmóa 4. Við það mun öll aðstaða félagsins breytast til hins betra. Á árinu starfaði orlofsnefnd vel Gerðar voru nokkrar lagfæringar á orlofshúsunum, þá sérstaklega í Reykjaskógi. Að lokum þakkaði hann meðstjórnarmönnum sínum ánægjulegt samstarf og nefndarfólki vel unnin störf. Auk þess gat hann þess að næstu tvö ár yrðu hans síðustu sem formaður félagsins, þá búin að sitja í tólf ár.
4. Reikningar félagsins. Gjaldkeri félagsins Valdís Sigurbjörnsdóttir fór yfir endurskoðaða reikninga, sem síðan voru lagðir fram.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins. Fram kom fyrirspurn um hvort starfsmenntunarsjóður væri orðin skuldlaus. Ragnar og Valdís svöruðu því til að svo væri ekki. Það tæki 4-5 ár í viðbót. En í dag kemur meira í sjóðinn en greitt er úr honum. Ákveðnar umræður sköpuðust um fyrirkomulag um greiðslur úr sjóðnum. Skýrsla og reikningar síðan samþykkt samhljóða.
6. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar komu fram.
7. Kaffihlé.
8. Kosning stjórnar. Skv. 6. gr. laga félagsins. Stjórnin leggur fram tillögu um Kjartan Fr. Adólfsson og Eirík B. Eysteinson í aðalstjórn til tveggja ára. Samþykkt samhljóða. Tillaga um Hermann Ólason og Margréti Böðvarsdóttur í varastjórn til eins árs. Samþykkt samhljóða.

Kosning formanns. Ragnar Örn Pétursson kosinn formaður félagsins til tveggja ára.

9. Kosning skoðunarmanna reikninga. Skv. 6. gr. Kosin voru Elínóra Árnadóttir og Jóséfína Arnbjörnsdóttir. Til vara: Guðmundur Jóelsson.
10. Kosning orlofsnefndar: Kosin voru Elísabet Sævarsdóttir, Ágústa Guðmundsdóttir og Halla Þórhallsdóttir. Til vara: Jón Newmann.
11. Kosning starfskjaranefndar: Kosin voru, Guðfinna Eyjólfsdóttir og Jónína Helgadóttir. Til vara Ásdís Júlíusdóttir.
12. Kosning í starfsmenntunarsjóð: Kosin voru Ásdís Óskarsdóttir og Sigurbjörg Gísladóttir.

13. Kosning uppstillingarnefndar: Kosnir voru: Hermann Ólason, Hafsteinn Ingibergsson og Þorgrímur Hálfðánarson.
14. Ákvörðun félagsgjalda: Tillaga um óbreytt félagsgjald þ.e. 1,3% af launum. Samþ. Samhljóða.
15. Kosning fulltrúa á þing B.S.R.B. Í okt. 2009. Erindi vísað til stjórnar.
16. Önnur mál. Fyrirspurn kom um svokölluð núll störf í starfsmati. Ragnar Örn sagði að erfiðlega gengi að fá svör frá sambandi sveitarfélaga.  
Umræður sköpuðust um kjaramál. M.a. um hugsanlegan boðaðan niðurskurð í þjónustu sveitarfélaga til að ná niður kostnaði. Einnig hvaða áhrif slíkur niðurskurður getur haft. Félagið mun skoða hvort hugsanlega sé verið að brjóta á réttindum starfsmanna með auknu vinnuálagi með fækkun stöðugilda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21.40.

Kjartan Fr. Adólfsson, ritaði fundargerð.